

**Ed.**

**635. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

4. gr. laganna skal orða svo:

Til þess að flýta aðkallandi hafnarbótum á þeim stöðum, sem hafizt er handa um framkvæmdir og framlög úr rikissjóði samkvæmt fjárlögum að hverju sinni hrökkva ekki til að greiða að þeim hluta, sem ákveðið er í hafnarlögum viðkomandi staðar, er rikisstjórninni heimilt að leggja fram úr hafnarbótasjóði viðbótarframlag, jafnóðum og verkinu miðar áfram, þó aldrei hærra en svo, að framlagið í heild nemi þeirri hlutfallsupphæð af verkkostnaði, er hafnarlög staðarins ákveða.

Slík framlög úr sjóðnum mega þó aldrei nema hærri fjárhæð en  $\frac{2}{3}$  höfuðstóls hans.

Framlög, sem þannig eru greidd úr hafnarbótasjóði, skulu endurgreidd honum úr rikissjóði á næstu þrem árum.

2. gr.

Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 5. gr., svo hljóðandi:

Sjóðurinn skal vera í umsjá fjármálaráðherra og ávaxtast í Landsbanka Íslands, enda sé fé hans jafnan handbært, sbr. þó 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.